

## AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, kom í dag heim úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Í forsætisráðuneytinu, 6. ágúst 1967.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Birgir Thorlacius.*

Nr. 68.

10. október 1967.

## L Ö G

um Iðnlánasjóð.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég samkvæmt 4. gr. laga nr. 31 29. apríl 1967, um breyting á lögum nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð, hef látið fella meginmál hinna fyrst nefndu laga, laga nr. 25 22. apríl 1966 og laga nr. 90 23. desember 1966 inn í lög nr. 45 3. apríl 1963 og gef þau út svo breytt:

#### 1. gr.

Tilgangur Iðnlánasjóðs er að styðja iðnað Íslendinga með hagkvæmum stofnlánum, eins og nánar er kveðið á um í 10. gr. laga þessara.

#### 2. gr.

Iðnlánasjóður er sjálfstæð stofnun. Yfirumsjón hans er í höndum ráðherra þess, er fer með iðnaðarmál.

#### 3. gr.

Iðnaðarmálaráðherra skipar sjóðnum þriggja manna stjórn, til fjögurra ára í senn. Einn stjórnarmanna skipar ráðherra án tilnefningar, en hina eftir tilnefningu stjórnar Landssambands iðnaðarmanna og stjórnar Félags ísl. iðnrekenda. Ráðherra skipar einn hinna þriggja stjórnarmanna formann sjóðsstjórnar.

Reikningar Iðnlánasjóðs skulu endurskoðaðir af tveimur mönnum, er ráðherra skipar til fjögurra ára í senn.

Eftir hver áramót gefur stjórn sjóðsins ráðherra ýtarlega skýrslu um hag og starfsemi sjóðsins á liðnu ári, og skal fylgja henni endurskoðaður ársreikningur. Ársreikning skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

#### 4. gr.

Iðnaðarbanki Íslands h.f. hefur á hendi, samkv. sérstökum samningi, daglegan rekstur Iðnlánasjóðs.

Allur kostnaður við stjórn og rekstur sjóðsins greiðist af tekjum hans.